




Lesaðstaða



Undirritun þjóðarsáttmála um læsi



Bókagjöf og skjalaafhending



Vinnufundur Ljósmyndasafnsins



Vökudagar



Vökudagar

Akraneskaupstaður

2015 – ársskýrsla

Bókasafn Akraness, Héraðsskjala- og Ljósmyndasafns Akraness



Efnisyfirlit:

Bókasafn Akraness.....	s. 2
Ljósmyndasafn Akraness	s. 11
Héraðsskjalasafn Akraness.....	s. 13

Bókasafn Akraness



Ævar vísindamaður „sprengdi sumarlesturinn af stað „

Lykiltölur 2015:

Útlánuð gögn: 53.452 (54.662)*

Útlán á íbúa: 7.75 (8,07) safngögn.

Millisafnalán: 283 (346) safngögn.

Skráðir lánþegar í árslok 2015: 1.661 (1.684). Þriggja ára tímabil: 2.958 (2.988) lánþegar.

Heimsóknir (skipulagðar) leikskólabarna: 26 (27) heimsóknir ; 301 (312) börn.

Heimsóknir grunnskólanema: 29 (10) heimsóknir ; 309 (195) börn.

Þjónustutími: 43/40 (43/40) klst. á viku /þjónustudagar: 275 (278).

Netkaffitölva: 5-10 manns á viku (ekki talið , áætlað)

Svöfusalur: 1 (5) nemendur sækja reglul. fjarfundi ; 0 (0) nem tóku próf ; fjöldi prófa : 0 (0).

Svöfusalur: aðgangskort: 30 (30)

Bókin heim og útlán á Höfða: 1.907 (1.519). Virkir lánþegar: 14 (14)

Safnkostur skráður í Gegni í árslok 2015: 82.778 (82.615)

Starfsfólk: Bókasafn, fastráðið í 4,5 stöðugildi og lausráðið 0,25 stöðugildi . Skjalasafn 1 stöðugildi.

Íbúafjöldi 1. des. 2015: 6.897 (6.770)

Talning gesta á viðburðum : 3.625 (3.500)

*(Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga).

Tölfræðiupplýsingar sóttar á vef Landskerfi bókasafna, Árslokatölfræði fyrir árið 2015.

Skýrslan byggir á lykilskýrslum bókasafnskerfisins, E03,E01,U03,L01,M01.

Stjórn safnsins og starfsfólk

Bókasafn Akraness er almenningubókasafn og rekið af Akraneskaupstað. Safnið starfar samvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012, frá 1. janúar 2013.

Safnið heyrir undir Menningar- og safnanefnd. Formaður nefndar er Ingbór Bergmann Þórhallsson (D). Safnið heyrir beint undir bæjarstjóra í skipuriti en breyting var gerð í lok ársins og ráðinn forstöðumaður menningar- safnamála.

Starfsfólk

Við bókasafnið starfa 5 fastráðnir starfsmenn í 4,75 (5,2) stöðuhlutfalli. Fjórir starfsmenn eru í fullu starfi, einn starfsmaður í 50% starfi. Starfshlutfall lausráðins starfsmanns er 0,25%.

Starfsfólk: Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður, Nanna Þóra Áskelsdóttir deildarstjóri, Nanna vinnur einnig við Ljósmyndasafn Akraness. Ásta Björnsdóttir bókavörður / umsjón með barnastarfi ; Helgi S. Steindal bókavörður / millisafnalán, upplýsingaþjónusta ; Erla Dís Sigurjónsdóttir bókavörður/ innheimta , Bókin heim, þjónusta við Höfða. Geirlaug Jóna Rafnsdóttir, Starri Reynisson og Ólöf Eir Jónsdóttir skiptu með sér sumarafleysingum og laugardagsvöktum yfir vetrarmánuðina. Freyr Karlsson vinnur 2 klst. í viku yfir vetrarmánuðina í samstarfi við Fjöliðjuna.

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir (100%) deildarstjóri í bókasafni starfar við Héraðsskjalasafnið í stöðu héraðsskjalavarðar. Í heild voru 6 fastráðnir starfsmenn við söfnin þrjú í árslok.

Útlán og stafræn þjónusta

Útlánuð safngögn Bókasafns Akraness voru samtals 53.452 (54.662).Það er örlítill samdráttur frá fyrra ári.


Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu árið 2015

Bókasafn Akraness (AKRAV) Lánþegastaða	Lán
01 – Alm lánþegar	26.689 (26.779)
03 – Börn yngri en 18 ára	8.691 (10.880)
04 – Frítt skírteini	14.723 (13.450)
06 – Bókin heim /skip	2.324 (1.805)
08 – Stofnanir / fyrirtæki	742 (1.402)
80 – MSL innlend söfn	283 (346)
	53.542 (54.662)

Kyngreind útlán

Nú er í fyrsta sinn gerðar skýrslur þar sem útlán eru kyngreind. Munur á lánum kynjanna er umtalsverður. Athugið að þessar tölur telja einungis lán eftir lánþegaskírteini eða heimild lánþega í safni en segja ekkert til um hvort karl eða kona lesi eða nýti sér á annan hátt það

efni sem fengið er að láni.



Í tölfræðiskýrslum frá Landskerfi bókasafna má sjá hvenær mesti þungi er í útlánum og að hluti endurlána fer fram utan afgreiðslutíma. Einnig má sjá að útlán á tímabilinu kl. 10-12 eru umtalsverð.



Hvar.is

Bókasafnið er eitt af 169 greiðendum að gagnasafnshluta Landsaðgangs hvar.is. Aðstoð við að sækja rafrænt efni fer vaxandi í daglegu starfi. Á töflunni mjá heildarfjölda (allt landið) söttra greina með og án Morgunblaðsins 2013-2015. [Sött á vefsíðu hvar.is 30. mars. 2016.]

Heildarfjöldi söttra greina og bókakafla	2015	2014	2013	Breytingar
Tímarita-, sam-, gagna- rafbókasoñ og Morgunblaðið	2.744.074	2.921.544	3.137.127	-6,08%
Tímarita-, sam-, gagna- og rafbókasoñ (Morgunblaðið ekki meðtalið)	1.134.048	1.150.324	1.127.265	-1,43%

Lánþegar

Hér koma nokkrar skýrslur um lánþega og í ljós kemur að konur eru í meirihluta lánþega safnsins. Virkir lánþegar s.l. þrjú ár eru 2.958. Skírteini eru gild í eitt ár og samkvæmt talningu í árslok 2015 voru 1.661 lánþegar með gild skírteini í árslok 2015. Sú skýrsla segir ekki raunverulega stöðu fjölda lánþega, því margir eru virkir þó skírteini sé ekki gilt í lok ársins.

Virkir lánþegar eftir lánþegastöðu sl. þrjú ár, frá árslokum 2015.

01 18-66 ára, almennur lánþegi	1.390
03 Börn undir 18 ára	998
04 Frítt skírteini	488
05 Starfsfólk	9
06 Bókin heim	22
08 Stofnanir	26
80 MSL inlend söfn	25
Samtals:	2.958 (2.988)

Lánþegar eftir kyni og stöðu í árslok 2015

Staða	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
01	163	599		762
03	229	283		512
04	96	229		325
05	2	7		9
06	4	15		19
08	1		15	16
80	1	2	15	18
	496	1.135	30	1.661

Lánþegar eftir lánþegastöðu í árslok 2015

Safn Staða Fjöldi

Bókasafn Akraness (AKRAV)

01 - Alm lánþegar	776 (816)
03 - Börn yngri en 18 ára	507 (493)
04 - Frítt skírteini	325 (333)
06 - Bókin heim /skip	19 (8)
08 - Stofnanir / fyrirtæki	16 (20)
80 - MSL innlend söfn	18 (14)
	1.661 (1.684)

Lánþegaskírteini gildir á Akranesi og Borgarnesi.

Útlán Akranes Borganes 2015	Útlán	Lánþegar
Akrav - Bor	383 (439)	26 (26)
Borav - Akr	401 (462)	40(40)

Gott samstarf er á milli safnanna á Akranesi og í Borgarnesi og ber þar hæst millisafnalán. Bókasafnið á Akranesi skráir einnig fyrir Borgnesinga, en þar er enginn með skráningarréttindi í Gegni.

Safnkostur

Heildarfjöldi titla í árslok 2015: 43.071 (42.235)

Heildareign eintaka í árslok 2015 var 82.788 (82.615). Árið 2015 voru 1.184 (1.140) eintök keypt af útgáfu ársins 2015 (2014). Afskrifuð eintök á árinu 2.848 (1.402), en stór hluti voru afskrifta voru tímarit í geymslu, sem ekki var lengur þörf á að geyma.

Eintakafjöldi eftir efnistegund í árslok 2015

Bókasafn Akraness (AKRAV)

Bók BOOK	59.490 (58.549)
Gagnasett KIT	204 (189)
Geisladiskur CD	835 (684)
Geisladiskur/hljóðbók CDSPO/Mp3	1103 (710)
Hljómplata LPREC	36 (36)
Innb. tímarit ISSBD	1.981 (1.940)
Kort MAP	17 (17)
Myndband VIDEO	282 (283)
Mynddiskur DVD	993 (905)
Nótur MUSIC	115 (114)
Snælda AUDIO	132 (133)
Snælda/hljóðbók AUDSP	40 (44)
Spil CARD	5 (5)
Tímaritshefti ISSUE	17.509 (18.844)
Tæki EQUIP	7 (6)
Tölvugögn DIGIT	39 (41)
	82.788 (82.615)

Þjónusta

Námsverið Svöfusalur. Tveir nemar á kennarabraut H.A. sóttu fjarfundi reglulega á fyrri hluta ársins en einn nemandi sótti fjarfundi á haustönn. Um 30 háskólanemendur hafa aðgangskort að námsverinu og geta dvalið þar utan opnunartíma safnsins. Alla virka daga yfir vetrarmánuðina er námsverið opið frá kl. 8 að morgni.

Bókin heim - Þjónusta við Höfða

Bókin heim er þjónusta fyrir þá sem ekki komast á bókasafnið vegna fötlunar, sjúkdóms eða öldrunar. Lánþegi fær sendar heim bækur einu sinni í mánuði, bækur að eigin vali.

14 (14) einstaklingar voru virkir notendur í *Bókin heim* á sl. ári. *Bókin heim* sinnir einnig þjónustu við heimilisfólk á Höfða dvalarheimili.

Skýrsla um fjölda lánþega og útlán safnganga í Bókinni heim

2015	Lánþegar	Fagrit	Skáldsögur	Rauða serían	tímarit	Hljóðbækur	samtals
Janúar	13	26	60	25	12	52	175
Febrúar	11	14	43	26	12	56	151
Mars	13	19	49	35	12	51	166
Apríl	13	14	53	33		68	168
Maí	10	10	40	52		37	139
Júní	11	19	57	48		93	217
Júlí	10		51	27		51	129
Ágúst	12	1	60	29		50	140
Sept.	12	8	56	32		116	212
Okt.	10	5	40	16	7	100	168
Nóv.	7		24			27	51
Des	12		65	47	16	63	191
Samtals:	134	116	598	370	59	764	1907

Leshringur bókasafnsins tók til starfa á árinu. Fundir voru einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Að meðaltali komu 12 manns á fundina.

Handverkshópar hittast reglulega á bókasafninu og að meðaltali komu um 13 manns á fundina.

Barnastarf

Safnfræðsla - safnheimsóknir

Nemendur í 4. bekk grunnskóla koma árlega í skipulagða safnfræðslu en aðrir bekkir komu einnig í safnfræðslu. Heimsóknir grunnskólanema: 26 (10) heimsóknir /309 (195) börn.

Sumarlestur 2015

Að venju stóð Bókasafni Akraness fyrir **Sumarlestri fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára**. Og að venju lánuðu bókasöfn Grundaskóla og Brekkubæjarskóla vinsælar bækur til bókasafnsins. Markmiðið með sumarlestri er að hvetja börn til lesturs, njóta góðra bóka og auka færni sína í lestri milli skólaára. *Lestur er heilsurækt hugans*. Sumarlesturinn var „sprengdur í gang“ með heimsókn Ævars vísindamanns þann 2. júní að viðstöddum um 200 börnum. Heimsóknin var í boði Skagans og Íslandsbanka.

Börnin skráðu sig til leiks frá 1. júní og lauk lestrinum 7. ágúst. Í ár skráðu sig til leiks 193 (148)

börn og þar af voru **121 börn** (102) virk, þ.e. komu reglulega í bókasafnið, völdu sér bækur til að lesa, skráðu lesnar bækur í *lesblaðið* sitt og settu miða fyrir hverja lesna bók í bókanetið. Samvinna við foreldra / forráðamenn er mikilvæg, því fylgjast þarf með að barnið lesi það sem skráð er og að barnið lesi bækur er hæfa lestrarfærni þess.

Börnin lásu 1016 (922) **bækur**, samtals 60.003 (61.123) **blaðsíður**. Að jafnaði hefur því hvert barn lesið um 8,3 (6,7) bækur. Stúlkur voru í meirihluta þátttakenda, en skipting milli kynja var á þessa leið:

Stúlkur	Drengir
75 (63)	46 (39)

Flest börnin eru úr Brekkubæjarskóla og Grundarskóla en einnig eru þó nokkur úr Heiðarskóla eða gestkomandi í bænum. Aldursskipting var sem hér segir:

5 ára – 2 (1) börn	9 ára – 23 (18) börn
6 ára – 18 (16) börn	10 ára – 15 (14) börn
7 ára – 27 (22) börn	11 ára – 11 (6) börn
8 ára – 20 (23) börn	12 ára – 5 (2) börn

Sumarlestur – virkir þáttakendur – til samanburðar eru tölur frá 2014					
Fjöldi barna	Stúlkur	Drengir	Lesnar bækur	Fjöldi blaðsíðna	Lesnar bls. pr. barn
121 (102)	75 (63)	46 (39)	1016 (922)	60.003 (61.123)	495,8 (599,2)

Samvinna var við Skessuhornið sem birti vikulega stutt viðtal við Lesara vikunnar, meðan á lestri stóð. Sumarlestinum lauk með Húllumhæ hátíð, miðvikudaginn 12. ágúst. Settar voru upp tilraunastöðvar í anda þessa sumarsins, *Vísindi* og boðið upp á veitingar. Úr bókanetinu voru dregin nokkur nöfn heppinna þátttakenda, sem hlutu glaðning frá styrktaraðilum verkefnisins, Verslunin Nína, Verslunin Ozone, Penninn, Húsasmiðjan, Skaginn og Íslandsabanki, Prentmet og Búkolla. 50 börn tóku þátt í uppskeruhátíð.

Ritsmiðja. Bókasafnið stóð fyrir ritsmiðju fyrir börn og unglinga, vikunámskeið í júní. Guðríður Haraldsdóttir, blaðamaður og rithöfundur stýrði smiðjunni. 12 börn sóttu smiðjuna.

Vertu með – bókaverðlaun barnanna

Bókaverðlaun barnanna. Árlega tilnefna börn á aldrinum sex til tólf ára bestu barnabækur ársins. Tilnefningarnar fara fram á almenningubókasöfnum og grunnskólum um land allt. Veitt eru verðlaun fyrir eina frumsamda bók og aðra þýdda og fá höfundur og þýðandi þeirra bóka sem hljóta flest atkvæði að sjálfsögðu verðlaun. Að þessu sinni komu þau í hlut Ævars Þórs Benediktssonar og Helga Jónssonar. Ævar Þór fyrir bókina **Þín eigin Þjóðsaga** og Helgi fyrir þýðingu á bókinni **Dagbók Kidda klaufa: kaldur vetur**.

Úrslitin á Akranesi voru aðeins á annan veg: Í fyrsta sæti var Gunnar Helgason fyrir bókina Gula spjaldið í Gautaborg og Guðni Kolbeinsson fyrir þýðingu á bókinni Rottuborgarinn.

Bókasafn Akraness veitti þátttökuverðlaun, en 256 börn tóku þátt á Akranesi og eru það aðeins fleiri þátttakendur en í fyrra. Þau heppnu voru: Þórarinn Helgason 10 ára í Brekkubæjarskóla ; Ylfa Laxdal 10 ára í Grundaskóla og Erna Björt Elíasdóttir 12 ára í Grundaskóla. Krakkarnir voru heimsóttir í morgun í kennslustund og þátttökuverðlaunin afhent.

Viðburðir og gestakomur * Daglegur gestafjöldi áætlaður út frá „talningu“ nokkrum sinnum á ári. Einu sinni var talið á árinu.

Margir viðburðir voru sameiginlegir með héraðsskjala- og ljósmyndasafni og tilheyra daglegu safnastarfi.

Viðburðir	Fjöldi gesta
Skólaheimsóknir, safnfræðsla	310 (195)
Leikskólanemar á sögustund	300 (312)
Bókm kynningar, sýningar, söngstundir ofl.	2.250 (2.200)
Aðrir, daglegir gestir (talið 1 sinnum á ári)*	700 gestir vikuna 2.-7. mars /36.400 (41.000)
Vinnufundir Ljósmyndasafns	568 (329)
Leshringur	71
Handverksfundir	126
Samtals:	40.000 (44.000)

Sýningar á VEGGNUM:

Fjallið okkar / Dúlluhópurinn sýndi verk sem það færði bókasafninu í tilefni af 150 ára afmæli þess ; Ásgeir Samúlesson sýndi handverk, tréútskurð ; Farandsýningin „Vér heilsum glaðar famtíðinni „ ; *Handverksýning* aldraðra og öryrkja í samstarfi við félagsstarf aldraðra og öryrkja hjá Akraneskaupstað ; Konurnar í Arnardal, sýning frá Ljósmynda- og Héraðsskjalasafni ; Fuglarnir í garðinum, ljósmyndasýning hjónanna Helgu Guðmundsdóttur og Inga Steinars Gunnlaugssonar ; „Lengi býr að fyrstu gerð“ sýning á vegum Ljósmynda- og Héraðsskjalasafns ; Aðventusýning bókasafnsins í umsjón starfsmanna safnanna á Dalbraut 1.

Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna til Alþingis sóttu söfnin um styrki til *Framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli konsingarréttar kvenna* og fengu styrki til tveggja viðburða. Fræðslugöngu, sem fékk titilinn „Hvaða kellingar“ og unnin var í samvinnu við Leikfélagið Skagaleikflokkurinn og tónlistardagskrár um konur / frumkvöðla í tónlist, konur sem bjuggu í Kirkjuhvoli á fyrri hluta 20. aldar Dagskráin hlaut heitið hlaut heitið „Lengi býr að fyrstu gerð“.

Bókasafnið hlaut tvo styrki frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands til menningardagskrá: Ritsmiðju fyrir unga fólkið og bókmenntadagskrár á Vökudögum. Ljósmyndasafnið fékk stofn- og rekstrarstyrk frá sama aðila.

Í lok ársins var rekstur bókasafns og skjala- og ljósmyndasafns aðskilinn í samræmi við breytt skipurit í menningar- og safnamálum.

Akranesi, 30. mars. 2016

Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður

Ljósmyndasafn Akraness

Lykiltölur:	2015	2014
Innsendar upplýsingar frá almenningi	716	1056
Myndir settar á vef Ljósmyndasafnsins	5024	6346
Fjöldi vinnufunda / fjöldi gesta	26 /568	19/316
Upplýsingar um myndir á vinnufundum	984	538
Fjöldi afgreiddra mynda	261	235

Ljósmyndavefur:

Á vef Ljósmyndasafns Akraness voru settar 5.024 (6.346) myndir á árinu en alls eru um 51.799 (46.775) myndir á vefnum.

Styrkir:

Ljósmyndasafnið fékk styrk frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands, kr. 500.000 - til að vinna að frampróun ljósmyndavefsins og að lokaáfangi að gera vefinn leitarbærann á leitir.is.

Afhendingar:

Velunnarar safnsins hafa fært safninu myndir/filmur að gjöf og eru þeim þakkir skyldar.

Sýningar:

Ljósmynda- og skjalasýning opnaði á Veggnum í Bókasafni Akraness á Írskum dögum í júlí og stóð hún fram í ágústlok.

Heiti sýningar var *“Konurnar á Elliheimili Akraness í Arnardal – 28. Janúar 1970”*

Vinnufundir:

Vinnufundir Ljósmyndasafnsins hófust í mars 2014 og hafa sannað sig sem jákvætt samfélagsverkefni.

Miki log góð þátttaka almennings hefur verið við að greina óskráðar myndir og bæta við upplýsingum á vef safnsins.

Að jafnaði hafa mætt um 22 manns á hvern vinnufund sem haldinir eru einu sinni í viku kl. 10-12 á miðvikudögum yfir vetrarmánuðina



Rekstur:

Ljósmyndasafnið er deild í Héraðsskjalasafni Akraness og rekstur þess og Héraðsskjalasafnsins er með rekstri Bókasafns Akraness. Enginn fastráðinn starfsmaður er við safnið, en deildarstjóri á Bókasafni, Nanna Þóra Áskelsdóttir sinnir safninu í 40% starfi.

Ljósmyndavefurinn er hannaður af Jóhanni Ísberg. Öll þróunarvinna hefur verið unnin í samvinnu við starfsfólk Ljósmyndasafnsins. Nú er 3. útgáfa vefsins í notkun.

Lokaorð:

Stór áfangi var í höfn í desember þegar Ljósmyndasafn Akraness var orðið leitarhæft í leitargáttinni leitir.is (http://leitir.is/primo_library/libweb/action/search.do).

31. mars 2016

Nanna Þóra Áskelsdóttir



*Konurnar í Arnardal. Sýning á veggnum að Dalbraut 1.
Ljós. Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir*

Akraneskaupstaður

2015 – ársskýrsla

Ársyfirlit 2015:

Í upphafi ársins stóð héraðsskjalavörður að því að útvega leikskólunum fjórum skjalaskápa.

Námskeið og ráðstefnur:


Héraðsskjalavörður fór á skyndihjálparnámskeið í maíbyrjun og eldvarnarnámskeið í september.

Ráðstefna félags Héraðsskjalavarða var haldin á Húsavík dagana 1-2. október. Það sem hæst bar á ráðstefnunni var erindi Unnar V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar þar sem hún fjallaði um þau skjöl sem verða til í félags- og velferðarþjónustu.

Starfsdagur safnanna að Dalbraut 1 var haldinn 6. október og var hann í höndum Leifs Geirs frá Hagvangi.

Sýningar:

Saga líknandi handa er sýning sem héraðsskjalavörður kom óvænt að í byrjun júní. Sýningin var opnuð í Guðnýjarstofu Byggðasafnsins að Görðum. Vinna héraðsskjalavarðar fólst í öflun skjallægra upplýsinga, vinnslu ljósmynda til prentunar og prentun þeirra.



*Jóna Björg Guðmundsdóttir
(1915-2002)
skólahjúkrunarkona í
Barnaskóla Akraness,
stendur til hliðar hjá börnum
sem eru í ljósum. Myndin var á
sýningunni **Saga líknandi
handa**.*

Konurnar í Arnardal var sýning á vegum héraðsskjala- og ljósmyndasafns. Hún var á veggnum í salnum að Dalbraut 1.

Um sýninguna: „Miðvikudaginn 28. janúar 1970 lagði Gyða L. Jónsdóttir, bæjarlistamaður Akraness 2015, leið sína á elliheimili Akraness í Arnardal. Hún var samferða föður sínum, sr. Jóni M. Guðjónssyni sem var þar í húsvitjun. Í gegnum auga linsunnar fangar Gyða samtímalega heimild um aðbúnað fólkins sem þar dvaldist og þennan dag voru þar konur í aðalhlutverki.

Elliheimili Akraness í Arnardal var starfrækt frá 1938 til 1978 og dvöldust þar vistmenn auk nokkurra kostgangara. Margir þeirra sem þar dvöldust voru einstæðingar alla tíð og nutu því síðustu áranna í samvistum við aðra dvalargesti og starfsfólk. Munnlegar heimildir okkar lýsa þó Arnardal sem lokuðum heimi sem fáir þekktu.

Sigríður Árnadóttir forstöðukona, hélt vel utan um skráningu vistfólksins og má sjá hana hér í dagbókinni og við myndirnar.“

Afhendingar:

Stærsta afhending ársins kom þann 20. ágúst. Hún taldi 601 öskju og 20 möppur, alls 55 hillumetrar og innihélt gögn úr skjalasafni Akraneskaupstaðar.

Í A stúlkur sáu um flutninginn á skjölunum frá Akraneskaupstað, dugnaðarforkar þar á ferð.



Tölfræði: 2015 (2014 í sviga).

Afhendingar til safnins voru: **70** (50) talsins.

Gestakomur ársins: **605** (496).

Fyrirspurnir: **88** (60).

Á vordögum 2016

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður Akraness

Málaflokkur: 0500 --- Deildarkóti: 05210



Dags. 1.1.2015 - 31.12.2015



Númer	Heiti	Hreyfing	Áætlun	Mismunur
0290	Aðrar þjónustutekjur	-2.791.124 kr.	-3.000.000 kr.	-208.876 kr.
0340	Húsaleiga	-25.900 kr.	-155.000 kr.	-129.100 kr.
0514	Seldar vörur án vsk	-24.235 kr.	0 kr.	24.235 kr.
0860	Styrkir	-1.200.000 kr.	0 kr.	1.200.000 kr.
0980	End.gr. ríkissjóðs -stofnana	-758.929 kr.	-565.000 kr.	193.929 kr.
0990	Endurgreiðslur annarra	-295.790 kr.	-74.000 kr.	221.790 kr.
1110	Mánaðarlaun	25.100.972 kr.	25.234.000 kr.	133.028 kr.
1130	Laun lausráðinna starfsmanna	1.073.885 kr.	857.000 kr.	-216.885 kr.
1150	Áfallið orlof	204.534 kr.	50.000 kr.	-154.534 kr.
1210	Yfirvinna fastráðinna starfsma	6.818.026 kr.	7.723.000 kr.	904.974 kr.
1230	Yfirvinna lausráðinna starfsma	614.112 kr.	0 kr.	-614.112 kr.
1250	Orlof á yfirvinnu	1.009.198 kr.	0 kr.	-1.009.198 kr.
1690	Aðrar launagreiðslur	739.868 kr.	1.963.000 kr.	1.223.132 kr.
1810	Tryggingagjald	2.953.356 kr.	2.969.000 kr.	15.644 kr.
1815	Mannauðssjóður	0 kr.	39.000 kr.	39.000 kr.
1820	Mótframlag í lífeyrissjóð	4.657.011 kr.	4.723.000 kr.	65.989 kr.
1830	Sjúkrasjóðir	2.926 kr.	0 kr.	-2.926 kr.
1840	Fjölskyldu- og styrktarsjóðsgj	211.003 kr.	212.000 kr.	997 kr.
1850	Endurhæfingarsjóður	45.005 kr.	44.000 kr.	-1.005 kr.
1890	Annað	442 kr.	0 kr.	-442 kr.
1910	Orlofsheimilaskjóður	188.787 kr.	181.000 kr.	-7.787 kr.
1940	Starfsmenntunarsjóðir	371.265 kr.	326.000 kr.	-45.265 kr.
1960	Kaffistofa starfsfólks	173.368 kr.	146.000 kr.	-27.368 kr.
1970	Matarestofnaður	625.162 kr.	192.000 kr.	-433.162 kr.
2020	Bækur, tímarit, blöð	790.569 kr.	611.000 kr.	-179.569 kr.
2030	Ritföng, pappír, bréfabindi	296.967 kr.	334.000 kr.	37.033 kr.
2050	Tölvuvörur	381.766 kr.	275.000 kr.	-106.766 kr.
2080	Kort, myndir, filmur, segulmið	0 kr.	32.000 kr.	32.000 kr.
2090	Aðrar vörur v.ritf.pappír ofl.	346.773 kr.	191.000 kr.	-155.773 kr.
2180	Hreinlætisvörur	72.760 kr.	113.000 kr.	40.240 kr.
2210	Lyf og hjúkrunarvörur	2.154 kr.	1.000 kr.	-1.154 kr.
2330	Plöntur og fræ	1.190 kr.	0 kr.	-1.190 kr.
2610	Timbur, trjávörur, þilplötur	8.533 kr.	0 kr.	-8.533 kr.
2760	Raflagnaefni	11.843 kr.	0 kr.	-11.843 kr.
2840	Verkfæri og áhöld	0 kr.	739.000 kr.	739.000 kr.
2870	Leikföng og tómstundatæki	3.978 kr.	0 kr.	-3.978 kr.
2880	Geisladiskar, snældur, myndb.	531.317 kr.	606.000 kr.	74.683 kr.
2882	Bókasafnsbækur	3.547.582 kr.	3.432.000 kr.	-115.582 kr.
2890	Aðrar ótilgreindar vörur	50.702 kr.	0 kr.	-50.702 kr.
4010	Prentun, fjölritun, ljósritun,	104.160 kr.	113.000 kr.	8.840 kr.
4030	Sími og fjarskiptabjónusta	47.672 kr.	68.000 kr.	20.328 kr.
4050	Póstburðargjöld	81.142 kr.	86.000 kr.	4.858 kr.
4070	Auglýsingar	504.785 kr.	230.000 kr.	-274.785 kr.
4080	Félagsgjöld	19.000 kr.	23.000 kr.	4.000 kr.
4120	Vöru- og sendiferðabílar	9.360 kr.	33.000 kr.	23.640 kr.

4181	Starfsmannabílar, launabókhald	157.296 kr.	200.000 kr.	42.704 kr.
4220	Gjafir	54.849 kr.	0 kr.	-54.849 kr.
4240	Fargjöld og dvalarkostnaður	36.265 kr.	68.000 kr.	31.735 kr.
4241	Fargjöld / launakerfi	1.132 kr.	0 kr.	-1.132 kr.
4270	Ráðstefnur	35.053 kr.	0 kr.	-35.053 kr.
4280	Námskeið	41.068 kr.	0 kr.	-41.068 kr.
4290	Annar móttökukostnaður	74.644 kr.	0 kr.	-74.644 kr.
4340	Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	1.180.972 kr.	774.000 kr.	-406.972 kr.
4351	Læknisvottorð / launakerfi	1.300 kr.	0 kr.	-1.300 kr.
4430	* Innri leiga	38.399.446 kr.	37.266.000 kr.	-1.133.446 kr.
4454	Leiga og viðhald posa, án vsk.	65.979 kr.	73.000 kr.	7.021 kr.
4455	Gámaleiga	19.923 kr.	30.000 kr.	10.077 kr.
4490	Hússjóður	191.136 kr.	204.000 kr.	12.864 kr.
4510	Rafmagn	684.009 kr.	691.000 kr.	6.991 kr.
4520	Heitt vatn	750.648 kr.	580.000 kr.	-170.648 kr.
4540	Kalt vatn	44.663 kr.	45.000 kr.	337 kr.
4610	Lóðir	0 kr.	24.000 kr.	24.000 kr.
4626	Rafljónusta	0 kr.	89.000 kr.	89.000 kr.
4628	Pípulagningaþjónusta	0 kr.	23.000 kr.	23.000 kr.
4632	Málningar- og gólfefnaþjónusta	0 kr.	23.000 kr.	23.000 kr.
4660	Viðhald áhald	535.487 kr.	113.000 kr.	-422.487 kr.
4760	Lausafjártryggingar	200.895 kr.	203.000 kr.	2.105 kr.
4910	Innheimtukostnaður	49.407 kr.	55.000 kr.	5.593 kr.
4960	Þvottur og hreingerningar	2.001.395 kr.	1.829.000 kr.	-172.395 kr.
4980	Aðkeypt önnur vinna	846.978 kr.	158.000 kr.	-688.978 kr.
4992	Afnota- og þjónustugjöld	915.437 kr.	805.000 kr.	-110.437 kr.
4993	Leyfisgjöld	607.050 kr.	619.000 kr.	11.950 kr.
5106	Afr. vinnu með VSK	71.560 kr.	100.000 kr.	28.440 kr.
Hreyfing: 93.471.787 kr. Áætlun: 91.724.000 kr. Mismunur: -1.747.787 kr.				

Niðurstaða ársreikninga safnanna á Dalbraut 1 er neikvæð og munar mestu um hækkun á Innri leigu. Innri leiga var áætluð kr. 37.260.000 en niðurstaða er 38.399.446

18.04.16 / HJ